

**Velkomin til Íslands  
Bienvenidos a Islandia**

**Información importante  
para ciudadanos fuera  
de EEE Y AELC**

NON-EEA & EFTA STATES

SPÆNSKA

**IS/ES**

ESPAÑOL

---

**FYRSTU SKREF RÍKISBORGARA UTAN EES- OG EFTA-RÍKJANNA**

**LOS PRIMEROS PASOS PARA CIUDADANOS DE PAÍSES  
FUERA DE EUROPA (EEE Y AELC)**

---

---

**EFNISYFIRLIT**

---

Fyrstu skref ríkisborgara utan EES- og EFTA-ríkjanna	4
Ísland í hnotskurn	6
Hátíðisdagar og frídagar	8
Lög og reglur	10
Lögleg búseta á Íslandi	12
Vinna á Íslandi	22
Skattar	28
Greiðslur til barnafjölskyldna	30
Heilbrigðisþjónusta	34
Húsnæði	38
Þjónusta sveitarfélaga	40
Skólakerfið	42
Framhaldsnám	46

---

## CONTENIDO

---

/ 3 /

Los primeros pasos para ciudadanos de países fuera de Europa (EEE y AELC)	5
Islandia en pocas palabras	7
Días festivos y vacaciones	9
Leyes y reglas	11
Residencia legal en Islandia	13
Trabajo en Islandia	23
Impuestos	29
Ayudas a familias con niños	31
Servicios de salud	35
Vivienda	39
Servicios municipales	41
Sistema escolar	43
Estudios superiores	47

---

## FYRSTU SKREF RÍKISBORGARA UTAN EES- OG EFTA-RÍKJANNA

---

Upplýsingarnar í þessum bæklingi eru fyrir ríkisborgara frá löndum **Afríku, Asíu, Suður-Ameríku, Norður-Ameríku, Eyjaálfu** og fyrir ríkisborgara þeirra Evrópuríkja sem hvorki eiga aðild að EES- né EFTA-samningnum. Þau eru **Albanía, Andorra, Bosnía og Hersegóvína, Króatía, Hvíta-Rússland, Makedónía, Moldóva, Páfagarður, Rússland, San Marínó, Serbía og Svartfjallaland og Úkraína**. Upplýsingarnar eru einnig fyrir ríkisborgara **Rúmeníu** og **Búlgaríu** sem koma hingað til lands til að stunda launaða vinnu því þeir þurfa dvalar- og atvinnuleyfi. Þeir njóta hins vegar sömu réttinda varðandi alla þjónustu og flutning réttinda á milli landa og aðrir ríkisborgarar EES- og EFTA-ríkja.

/ 4 /

### UPPLÝSINGAR OG RÁÐGJÖF

Mikilvægt er að hafa í huga að vegna alþjóðlegra samninga, svo sem á milli Norðurlandanna og aðildarríkja að EES- og EFTA-samningunum, gilda mismunandi reglur eftir ríkisfangi. Þessi bæklingur er eingöngu ætlaður ríkisborgurum þeirra ríkja sem talin eru upp á forsiðu bæklingsins. Í bæklingnum, *Fyrstu skref ríkisborgara EES- og EFTA-ríkjanna*, eru upplýsingar fyrir önnur þjóðerni. Bæklinginn, ásamt öllum helstu upplýsingum um íslenskt samfélag, má nálgast á vef Fjölmenningarseturs ([www.mcc.is](http://www.mcc.is)).

Hjá Fjölmenningarsetri er unnt að fá upplýsingar um flest er varðar innflytjendamál, íslenskt samfélag, íslenskukennslu, réttindi og skyldur, túlka- og þýðingabjónustur og fleira.

- **Fjölmenningarsetur ([www.mcc.is](http://www.mcc.is)).**

Símar: **450 3090** (íslenska/enska),  
**470 4702** (taíslenska),  
**470 4705** (spænska),  
**470 4706** (litháíska),  
**470 4707** (rússneska),  
**470 4708** (pólska),  
**470 4709** (serbneska/króatíska)

---

Upplýsingar um erlend sendiráð og ræðisskrifstofur er að finna á vef utanríkisráðuneytisins ([www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/sendu-og-raedis-skrifstofur/islenskar/nr/41](http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/sendu-og-raedis-skrifstofur/islenskar/nr/41)).

---

---

# LOS PRIMEROS PASOS PARA CIUDADANOS DE PAÍSES FUERA DE EUROPA (EEE Y AELC)

---

La información en éste folleto es para todos los ciudadanos que vengan de **África, Asia, Sudamérica, América del Norte y Oceanía** así como para aquellos ciudadanos de los países europeos que no son miembros de EEE o AELC, los cuales son **Albania, Andorra, Bosnia y Herzegovina, Croacia, Bielorusia, Macedonia, Moldova, el Vaticano, Rusia, San Marino, Serbia y Montenegro y Ucrania.**

La información de éste folleto es también para los ciudadanos de **Rumania y Bulgaria** que vienen a Islandia a trabajar como asalariados, ya que ellos también necesitan permiso de trabajo y de residencia. Por otro lado, los ciudadanos de estos dos países pueden disfrutar de los mismos derechos a servicios y migración entre países de Europa que tienen los ciudadanos de EEE y AELC.

/ 5 /

## INFORMACIÓN Y CONSEJOS PRÁCTICOS

Es importante hacer notar que las reglas que aplican son diferentes de acuerdo a la nacionalidad de la persona, debido a los acuerdos internacionales que Islandia y los países nórdicos tienen con los países miembros de EEE Y AELC. Éste folleto está dirigido exclusivamente a los ciudadanos de los países ya enlistados en la portada del folleto. En el folleto titulado *Los primeros pasos para ciudadanos de países miembros de EEE Y AELC*, se puede encontrar información para los demás países. El folleto completo y todo tipo de información pertinente a la sociedad islandesa se puede encontrar en la página del Centro Multicultural ([www.mcc.is](http://www.mcc.is)).

En el Centro Multicultural se puede obtener todo tipo de información relacionada con la inmigración, la sociedad islandesa, clases de islandés, derechos y obligaciones, servicio de intérpretes y traductores, entre otras cosas.

- **Centro Multicultural – [www.mcc.is](http://www.mcc.is).**

Teléfonos: **450 3090** (islandés/inglés),  
**470 4702** (tailandés),  
**470 4705** (español),  
**470 4706** (lituano),  
**470 4707** (ruso),  
**470 4708** (polaco),  
**470 4709** (serbio/croata)

---

Para encontrar información acerca de las distintas embajadas y consulados extranjeros hay que visitar la página del Ministerio de Relaciones Exteriores. ([www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/sendu-og-raedisskrifstofur/islenskar/nr/41](http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/sendu-og-raedisskrifstofur/islenskar/nr/41)).

---



## ÍSLAND Í HNOTSKURN

**Höfuðborg:** Reykjavík ([www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is))

**Opinbert tungumál:** Íslenska

**Tímabelti:** UTC + 0 (enginn sumartími)

**Þjóðarlén:** .is

**Landsnúmer:** +354

**Íbúaföldi 2011:** 318.500

**Þjóðsöngur:** Lofsöngur

**Stjórnarfar:** Lýðveldi með þingbundinni stjórn

**Stjórnsýsla:** Ríki og sveitarfélög

/ 6 /

Ísland er meðal annars aðili að samningnum um Evrópska efnahagsvæðið (EES), Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Atlantshafsbandalaginu (NATO), Norðurlandaráði og Schengen-samstarfinu.

### Peningar

Gjaldmiðillinn er króna – ISK. Bankar skipta gjaldeyri. Flestar verslanir, fyrirtæki og leigubílar taka greiðslukort (debet og kredit). Ekki er víst að tekið sé við erlendum gjaldeyri í verslunum.

### Netið

Aðgangur að Netinu er frír á mörgum kaffihúsum og víðar ef komið er með eigin tölvu. Netaðgangur er einnig ódýr eða ókeypis á upplýsingamiðstöðvum og bókasöfnum.

### Saga

Ísland var hluti af danska konungsveldinu en fékk fullt sjálfstæði 17. júní 1944 þegar það varð lýðveldi. Árið 1904 fékk Ísland heimastjórn og 1918 hlaut það fullveldi. Áður en Ísland laut stjórn Danmerkur var það hluti af norska konungsveldinu.

### Trú

Um 80% landsmanna tilheyrja þjóðkirkjunni sem er evangelísk-lútersk.

Um leið og sótt er um lögheimili er hægt að sækja um aðild að einhverju þeirra trúfélaga sem eru skráð á Íslandi og eru talin upp á þar til gerðu umsóknareyðublaði ([www.skra.is/pages/1037](http://www.skra.is/pages/1037)).

---

# ISLANDIA EN POCAS PALABRAS

---

**Capital:** Reykjavík ([www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is))

**Idioma oficial:** islandés

**Uso horario:** UTC + 0 (sin horario de verano)

**Sufijo de correo electrónico:** .is

**Prefijo internacional:** +354

**Número de habitantes en 2011:** 318.500

**Himno nacional:** Canto de loor

**Tipo de gobierno:** República parlamentaria

**Administración:** Estado y municipios

/ 7 /

Islandia es miembro del Espacio Económico Europeo (EEE), de la Asociación Europea de Libre Comercio (AELC), de la Organización del Tratado del Atlántico Norte (OTAN), del Consejo Nórdico y del Acuerdo de Schengen.

## Moneda

La moneda o divisa usada en Islandia es la corona – ISK. Todos los bancos cambian dinero. La mayoría de las empresas o tiendas aceptan tarjetas de crédito o débito, pero son pocas las que aceptan moneda extranjera.

## Internet

El acceso a Internet es gratuito en la mayoría de los cafés y en muchos otros lugares públicos pero es conveniente traer un ordenador propio. El acceso a Internet es muy barato o incluso gratuito en los centros de información y en las bibliotecas.

## Historia

Islandia se independizó de Dinamarca el 17 de junio de 1944, convirtiéndose así en una república. En 1904 le fue devuelto a Islandia el poder de gobernarse a sí misma y en 1918 recibió su soberanía. Islandia formaba parte del reino noruego antes de pertenecer a Dinamarca.

## Religión

Alrededor de un 80% de los islandeses pertenecen a la Iglesia Nacional que es evangélica-luterana. Una vez que una persona registra su domicilio legal en Islandia, puede adscribirse a alguna de las distintas religiones que existen en el país. El formulario de solicitud se puede encontrar en éste enlace: ([www.skra.is/pages/1037](http://www.skra.is/pages/1037)).

---

# HÁTÍÐISDAGAR OG FRÍDAGAR

---

## Stórhátíðisdagar

- Nýársdagur (1. janúar)
- Föstudagurinn langi
- Páskadagur
- Hvítasunnudagur
- 17. júní (þjóðhátíðardagur Íslendinga)
- Aðfangadagur (24. desember) eftir klukkan 12.00
- Jóladaður (25. desember)
- Gamlársdagur (31. desember) eftir klukkan 12.00

/ 8 /

Ef unnið er á þessum dögum er greitt samkvæmt svokölluðum stórhátíðartaxta sem er hærri en hefðbundinn yfirvinnutaxti.

## Almennir frídagar

- Annar í jólum (26. desember)
- Skírdagur
- Annar í páskum
- Sumardagurinn fyrsti
- Uppstigningardagur
- 1. maí (alþjóðlegur frídagur verkafólks)
- Annar í hvítasunnu
- Fyrsti mánudagur í ágúst (frídagur verslunarmanna)

Þegar unnið er á þessum dögum er starfsmanni greitt yfirvinnukaup.



---

# DÍAS FESTIVOS Y VACACIONES

---

## Los días festivos principales

- Año nuevo (Primero de enero)
- Viernes santo
- Domingo de Pascua
- Pentecostés
- 17 de junio (día de la independencia de Islandia)
- Nochebuena (24 de diciembre) después de las 12.00,
- Navidad (25 de diciembre)
- Nochevieja (31 de diciembre) después de las 12.00.

/ 9 /

Si una persona trabaja en alguno de estos días, se le paga de acuerdo a la llamada tarifa de día festivo, la cual es una tarifa de pago más alta que cuando se trabaja en un día normal.

## Días de vacaciones

- 26 de diciembre
- Jueves santo
- Segundo día de pascua
- Primer día de verano
- Ascensión de Jesús
- Primero de mayo (día internacional de los trabajadores)
- Segundo día de Pentecostés
- El primer lunes de agosto (por tradición islandesa, dentro del llamado Fin de semana de los comerciantes “verslunarmannahelgi”).

Cuando se trabaja en estos días se recibe una tarifa de sueldo por trabajo extra.

---

# LÖG OG REGLUR

---

Samkvæmt íslensku stjórnarskránni skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Íslenska lögreglan er ríkislögregla og er innanríkisráðherra yfirmaður allrar löggæslu í landinu. Dómstigin eru tvö, héraðsdómstólar og hæstiréttur.

Lög og reglur eru ekki nákvæmlega eins í neinu ríki og því er mikilvægt að kynna sér lög í nýju landi. Upplýsingavefurinn [www.island.is](http://www.island.is) inniheldur viðamiklar upplýsingar á íslensku og ensku, á vef Alþingis ([www.althingi.is](http://www.althingi.is)) má finna íslenska lagasafnið og á vef Stjórnarráðsins má finna lög og reglugerðir sem þýddar hafa verið yfir á ensku ([www.stjornarrad.is](http://www.stjornarrad.is) / [www.government.is](http://www.government.is)).

/ 10 /

Á Íslandi gilda sérstök lög er varða réttindi barna. Öllum ber skylda til að láta vita í síma 112 ef grunur leikur á að börn séu beitt líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Sjálfræðisaldur er 18 ár á Íslandi. Þá fær einstaklingur lögræði, það er fjárræði og sjálfræði, ásamt því að hann öðlast kosningarrétt. Bílpróf er hægt að taka daginn sem einstaklingur verður 17 ára en leyfi til að kaupa áfengi miðast við 20 ár.

Allir sem eru 18 ára og eldri mega ganga í hjúskap og skrá sig í sambúð<sup>1</sup>, einnig einstaklingar af sama kyni. Hægt er að fá skilnað þótt makinn vilji það ekki. Við skilnað er eignum og skuldum venjulega skipt til helminga á milli hjóna nema samningur hafi verið gerður um annað.

Samkvæmt lögum er forsjá yfir börnum sameiginleg við skilnað og sambúðarslit nema annað sé ákveðið. Foreldrar þurfa að ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með hafa, að jafnaði, fasta búsetu. Sýslumaður getur úrskurðað um ágreining varðandi umgengnisrétt en ef ágreiningur er um forsjá þarf að vísa honum til dómstóla. Ef foreldri sem fer eitt með forsjá gengur í hjúskap þá er forsjá barns einnig hjá stjúppforeldrinu. Taki það aftur á móti upp sambúð verður forsjáin einnig hjá sambúðarforeldrinu eftir að sambúðin hefur verið skráð samfleytt í eitt ár í þjóðskrá.

Hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis er litinn alvarlegum augum og eru refsingar háar fjársektir, ökuleyfisvæpting og varðhald við ítrekuð brot. Sektir geta einnig haft áhrif á veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

---

<sup>1</sup> Þegar fólk er í sambúð þá býr það saman; ef fólk er í skráðri sambúð býr það saman eins og hjón og nýtur ákveðinna réttinda, til dæmis í sambandi við skatta, þó það sé ekki gift. Hægt er skrá sambúð sína hjá Þjóðskrá Íslands á þar til gerðu eyðublaði.

---

# LEYES Y REGLAS

---

De acuerdo a la constitución islandesa, todas las personas son iguales ante la ley y gozan de los mismos derechos sin importar su sexo, religión, opiniones, nacionalidad, raza, color de piel, condición económica, procedencia o condición de otro tipo. Las mujeres y los hombres deben disfrutar de los mismos derechos siempre.

La policía islandesa es federal, y el Ministro del interior es quien se encarga del cumplimiento de las leyes en todo el país. Hay dos niveles de jurisdicción, uno es la Corte de Justicia y el otro es la Suprema Corte de Justicia.

Las leyes y reglas de cada país son muy distintas y por ello es importante que la gente se familiarice con las leyes de su nuevo país. La página informativa [www.island.is](http://www.island.is) contiene muchísima información en islandés e inglés; en la página del Parlamento ([www.althingi.is](http://www.althingi.is)) se puede encontrar todo el conjunto de leyes islandesas y en la página de las Oficinas de Gobierno islandesas se pueden encontrar leyes y reglas que han sido traducidas al inglés. ([www.stjornarrad.is](http://www.stjornarrad.is) / [www.government.is](http://www.government.is)).

/ 11 /

En Islandia existen leyes especiales acerca de los derechos de los niños. Todos están obligados a llamar al teléfono 112 si es que se sospecha que algún niño está siendo víctima de abuso psicológico, sexual o físico.

La mayoría de edad en Islandia se alcanza a los 18 años y con ella se adquieren derechos legales, entre ellos, el ocuparse de sus finanzas personales, tomar sus propias decisiones y tener derecho a votar. La licencia de conducir se puede solicitar el día que se cumplen los 17 años de edad, pero la edad legal para poder comprar bebidas alcohólicas es 20 años.

Todos los que tengan más de 18 años pueden casarse o registrarse como pareja de hecho<sup>1</sup>, incluidas las personas del mismo sexo. En Islandia uno se puede divorciar incluso si el cónyuge no quiere. Con el divorcio, normalmente se aplica la separación de bienes a partes iguales.

De acuerdo a la ley, la custodia de los hijos recae sobre ambos padres después del divorcio excepto si se llega a algún acuerdo diferente. Los padres deben decidir con cual de los dos se va a quedar el hijo permanentemente para así poder registrar el domicilio legal del menor. Si hay algún desacuerdo entre los padres, un magistrado de distrito (sýslumaður) puede decidir acerca de los derechos de cada uno en cuanto a la custodia del hijo. Si se disputa la custodia completa de un hijo, debe llevarse el caso a un juez. Cuando un padre tiene la custodia de un hijo y después se casa otra vez, el padrastro comparte automáticamente la custodia del hijo en cuestión. Si el padre se registra como pareja de hecho con otra persona, su nueva pareja adquiere la custodia compartida del hijo en cuestión, siempre y cuando hayan registrado su situación en el registro nacional (þjóðskrá) y hayan permanecido juntos por lo menos un año.

Conducir a alta velocidad o bajo los efectos del alcohol son dos faltas que se consideran graves y por ello su castigo incluye multas altísimas, privación de la licencia de conducir y encarcelamiento por conducta repetida. El haber sido multado puede tener un efecto muy negativo sobre el derecho a recibir la ciudadanía islandesa.

---

<sup>1</sup> Cuando dos personas están en "sambúð, significa que viven juntos en unión libre; cuando se registran juntos se le llama pareja de hecho "skráð sambúð" ya que viven como un matrimonio y disfrutan de ciertos derechos, por ejemplo, en cuanto a impuestos, aunque no estén casados. Es posible registrar su relación de pareja en el Registro Nacional (Þjóðskrá Islands) llenando un formulario.



---

## LÖGLEG BÚSETA Á ÍSLANDI

---

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES- eða EFTA-samningnum þurfa að sækja um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun ef þeir ætla að dvelja lengur en þrjá mánuði á Íslandi.

---

Dvalarleyfi er forsenda löglegrar búsetu á Íslandi.

---

### ÁÐUR EN KOMIÐ ER TIL LANDSINS

Það eru nokkur atriði sem mikilvægt er að skoða áður en komið er til Íslands.

Athuga þarf hvort vegabréfsáritun sé nauðsynleg fyrir komuna til landsins og hvaða fylgigögn frá heimalandi þurfa að fylgja umsókn um dvalarleyfi. Dvalarleyfi er forsenda löglegrar dvalar í landinu.

/ 12 /

### Vegabréfsáritun

Útlendingastofnun veitir upplýsingar varðandi vegabréfsáritanir og hvaða ríki eru undanþegin vegabréfsáritun. Upplýsingar eru á vef Útlendingastofnunar ([www.utl.is](http://www.utl.is)).

### Umboð

Ef umsækjandi getur ekki sjálfur verið í samskiptum við Útlendingastofnun þarf hann að veita aðstandanda eða öðrum aðila á Íslandi umboð til þess. Sjá nánar á vef stofnunarinnar ([www.utl.is](http://www.utl.is)).

### Dvalarleyfi

Sótt er um dvalarleyfi í samræmi við tilgang dvalar. Helstu flokkar dvalarleyfa eru:

- Dvalarleyfi vegna atvinnu.
- Dvalarleyfi vegna náms.
- Dvalarleyfi vegna vistráðningar (au-pair).
- Dvalarleyfi vegna fjölskyldusameiningar.

Dvalarleyfi á grundvelli atvinnu skiptist í þrjá flokka sem eru dvalarleyfi íþróttafólks, sérfræðinga og leyfi vegna tímabundins skorts á vinnuafli. Dvalarleyfi á grundvelli atvinnu eru ekki gefin út nema viðkomandi fái einnig atvinnuleyfi á Íslandi og sækja þarf þá um bæði leyfin samtímis. Vinnumálastofnun ([www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)) veitir atvinnuleyfi. Upplýsingar um atvinnuleyfi eru á bls. 22.

Aðstandendur íþróttafólks, sérfræðinga og þeirra sem stunda doktorsnám á Íslandi geta sótt um dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar.

---

Dvalarleyfi og atvinnuleyfi í öðru EES- og EFTA-ríki gildir ekki á Íslandi.

---

---

# RESIDENCIA LEGAL EN ISLANDIA

---

Los ciudadanos que no vengan de países miembros de EEE o AELC necesitan solicitar un permiso de residencia en la Oficina de Inmigración si es que piensan quedarse en Islandia más de tres meses.

---

El Permiso de Residencia es fundamental para vivir en Islandia de manera legal.

---

## ANTES DE VENIR A ISLANDIA

Hay varios puntos importantes que hay que tener en cuenta antes de venir a Islandia. Hay que revisar si es necesario contar con una visa antes de llegar a Islandia. Después hay que ver cuales documentos hay que traer a Islandia para poder solicitar el permiso de residencia. El permiso de residencia es fundamental para vivir en Islandia de manera legal.

### Visa

La Oficina de Inmigración proporciona la información adecuada acerca de cómo obtener una visa y también cuales países están exentos de tenerla. La información se encuentra en la página de la Oficina de Inmigración ([www.utl.is](http://www.utl.is)).

### Carta poder y representación

Si la persona que solicita el permiso no puede comunicarse directamente con la Oficina de Inmigración, debe asignar a un familiar u otra persona en Islandia como representante de ella por medio de una carta poder. Para más información visite la página de la Oficina de Inmigración ([www.utl.is](http://www.utl.is)).

### Permiso de residencia

Siempre se debe pedir un permiso de residencia de acuerdo a lo que uno viene a hacer en Islandia. Los distintos permisos de residencia son los siguientes:

- Permiso de residencia por trabajo
- Permiso de residencia por estudio
- Permiso de residencia para au-pairs
- Permiso de residencia por reunificación familiar

El permiso de residencia por trabajo se divide en tres partes: para deportistas, para especialistas y por falta temporal de trabajadores. El permiso de residencia no se otorga a nadie que no cuente también con el permiso de trabajo en Islandia y por ello es indispensable solicitar estos dos permisos diferentes al mismo tiempo. La institución encargada de los permisos de trabajo es el Secretaría de Trabajo ([www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)). Más información acerca de los permisos de trabajo se encuentra en la página 23.

Los familiares dependientes de atletas, especialistas y todos aquellos que estudian doctorados en Islandia tienen derecho a recibir un permiso de residencia por reunificación familiar.

---

Los permisos de residencia y de trabajo otorgados en otros países europeos miembros del EEE no tienen validez alguna en Islandia.

---

## Umsókn um fyrsta leyfi

Umsókn um fyrsta leyfi þarf að vera samþykkt af Útlendingastofnun áður en komið er til landsins.

### Undantekning

Ef umsækjandi er maki, samvistarmaki, sambúðarmaki eða barn í lögumætri forsjá Íslendinga, norræns borgara eða útlendinga sem fær að dvelja löglega í landinu, samkvæmt dvalarleyfi eða búsetuleyfi, má sækja um dvalarleyfi eftir að komið er til landsins. Samkvæmt lögum er barn einstaklingur sem ekki er orðinn 18 ára.

Ríkisborgarar ríkja utan EES og EFTA, sem eru aðstandendur ríkisborgara EES- og EFTA-ríkis<sup>2</sup>, þurfa ekki að sækja um dvalarleyfi en skulu sækja um dvalarskírteini hjá Útlendingastofnun innan þriggja mánaða frá komu til landsins.

Nánari upplýsingar um dvalarskírteini, fylgigögn og umsókn eru á vef Útlendingastofnunar ([www.utl.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=46&Itemid=49&lang=is](http://www.utl.is/index.php?option=com_content&view=article&id=46&Itemid=49&lang=is)).

---

Dvalarleyfi er ekki gefið út nema umsækjandi uppfylli ákveðin grunnskilyrði. Þeirra á meðal eru:

- Trygg framfærsla.
- Tryggt húsnæði.
- Sjúkratrygging.

---

## GRUNNSKILYRÐI DVALARLEYFIS

### Trygg framfærsla

Umsækjandi verður að geta sýnt fram á trygga framfærslu og er þá átt við eitthvað af eftirfarandi:

- Atvinnutekjur eða fastar reglubundnar greiðslur.
- Eigið fé (til dæmis inni á bankareikningi).
- Greiðslur frá öðrum nánnum fjölskyldumeðlimi (ef umsækjandi er barn undir 18 ára eða foreldri 67 ára og eldri).

Ef framfærsla er í formi atvinnutekna eða fastra reglubundinna greiðslna þarf að framvísa ráðningarsamningi, launaseðlum eða vottorði frá vinnuveitenda um starfshlutfall og ráðningartíma.

Ef um er að ræða eigið fé, sem umsækjandi notar til framfærslu, þá þarf það að vera í gjaldmiðli sem skráður er hjá Seðlabanka Íslands ([www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)). Sama gildir um námslán eða námsstyrki vegna námsmanna.

---

<sup>2</sup> Aðstandandi í þessu tilviki telst maki, samvistarmaki eða sambúðarmaki ríkisborgara EES- eða EFTA-ríkis, barn hans eða maka (undir 21 árs aldri eða á hans framfæri) eða foreldri hans eða maka (sem er á hans framfæri).

## Solicitud del primer permiso

La solicitud del primer permiso debe hacerse antes de que la persona llegue a Islandia y debe ser aprobada por la Oficina de Inmigración también antes de la llegada al país.

### Excepción

Los únicos que pueden solicitar el permiso de residencia una vez estando en Islandia son los cónyuges, aquellos en unión libre (parejas de hecho), concubinos y menores en custodia legal de ciudadanos islandeses o nórdicos o de algún extranjero que esté de manera legal en Islandia, de acuerdo a su permiso de residencia (ya sea permiso temporal o permanente). De acuerdo a la ley sobre custodia, un menor es una persona menor de 18 años.

Los ciudadanos de países fuera del EEE y AELC que son dependientes de un ciudadano de un país del EEE o AELC<sup>2</sup>, no necesitan solicitar permiso de residencia pero necesitan pedir una tarjeta de permiso de residencia llamada "dvalarskírteini" en la Oficina de Inmigración dentro de los primeros tres meses de haber llegado a Islandia. Para más información acerca de esta tarjeta de permiso de residencia, que documentos son necesarios para obtenerla y hacer la solicitud, hay que visitar la página de Internet de la Oficina de Inmigración ([www.utl.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=46&Itemid=49&lang=is](http://www.utl.is/index.php?option=com_content&view=article&id=46&Itemid=49&lang=is)).

/ 15 /

---

Los permisos de residencia no se otorgan jamás si no se cumplen ciertos requisitos básicos. Entre ellos existen:

- Tener suficientes medios de subsistencia
- Contar con un lugar dónde vivir
- Contar con seguro médico

---

## REQUISITOS BÁSICOS PARA OBTENER UN PERMISO DE RESIDENCIA

### Medios de subsistencia

El solicitante debe poder demostrar que tiene asegurado suficiente dinero para subsistir en el país y con ello se quiere decir lo siguiente:

- Ingresos por trabajo o ingresos permanentes y regulares por algún otro medio.
- Dinero propio (por ejemplo, en una cuenta de banco),
- Dinero de algún familiar cercano (solo si el solicitante tiene menos de 18 o más de 67 años).

Si los medios de subsistencia provienen de un empleo que se tendrá en Islandia hay que presentar el contrato de trabajo, las nóminas de pago o un certificado de parte del empleador dónde se confirme el periodo de contratación y en cuanto porcentaje se trabaja (medio tiempo o tiempo completo, etc.) Hay que demostrar igualmente los ingresos permanentes y regulares ya existentes de otra procedencia, si es que se van a usar como medios de subsistencia en el país.

Si los medios de subsistencia provienen de dinero propio que ya se tiene, tal cantidad debe estar en una divisa (moneda) reconocida y registrada en el Banco Central de Islandia ([www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)). Lo mismo aplica para los préstamos por estudio o para los apoyos económicos a estudiantes.

---

<sup>2</sup> El cónyuge, concubino o pareja registrada (entre homosexuales) de un ciudadano de EEE o de AELC, es considerado "dependiente". También son "dependientes" los hijos menores de veintidós años de ellos y/o sus padres, siempre y cuando sean dependientes económicamente de la persona en relación amorosa registrada con un ciudadano de EEE o AELC.

Upplýsingar um viðmið vegna lágmarksframfærslu eru að finna á vef Útlendingastofnunar ([www.utl.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=77&Itemid=79&lang=is](http://www.utl.is/index.php?option=com_content&view=article&id=77&Itemid=79&lang=is)).

---

Greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi teljast ekki trygg framfærsla.

---

## Tryggt húsnæði

Með tryggu húsnæði er átt við að umsækjandi geti sýnt fram á að hann megi dvelja í húsnæði, sem skráð er sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá, með samþykki þinglýsts eiganda. Þinglýstur eigandi húsnæðisins þarf að skrifa undir eyðublað sem staðfestir þetta ([www.utl.is/images/stories/Yfirlysing\\_huseiganda.pdf](http://www.utl.is/images/stories/Yfirlysing_huseiganda.pdf)).

/ 16 /

## Sjúkratrygging

Umsækjandi þarf að kaupa sjúkratryggingu sem kallast sjúkrakostnaðartrygging hjá váttryggingafélagi sem er með starfsleyfi á Íslandi. Tryggingin þarf að gilda í minnst sex mánuði frá skráningu lögheimilis eða þar til viðkomandi er búinn að ávinna sér rétt til að vera sjúkratryggður á Íslandi (nánari upplýsingar veita váttryggingafélagin; ([www.vordur.is](http://www.vordur.is), [www.tm.is](http://www.tm.is), [www.vis.is](http://www.vis.is), [www.sjova.is](http://www.sjova.is)).

Börn og unglingar, yngri en 18 ára, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum eða forsjármönnum. Sama gildir um kjörbörn, stjúpborn og fósturbörn.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir þurfa að greiða hærra gjald fyrir heilbrigðisþjónustu. Upplýsingar um sjúkratryggingar og fleira eru að finna á vefsíðu Tryggingastofnunar ríkisins ([www.tr.is](http://www.tr.is)) og á vefsíðu Sjúkratrygginga Íslands ([www.sjukra.is](http://www.sjukra.is)).

## Fylgigögn og vottorð

Útlendingastofnun og fleiri stofnanir gera þær kröfur að öllum erlendum vottorðum, sem eru á öðrum tungumálum en ensku eða Norðurlandamáli (dönsku, norsku, sænsku eða finnsku), fylgi þýðing sem unnin er af löggiltum skjalapýðanda.

Upplýsingar um löggilta skjalapýðendur á Íslandi eru að finna á vefsíðu Félags dómtúlka og skjalapýðenda ([www.flds.is](http://www.flds.is)).

---

Áður en sótt er um dvalarleyfi á Íslandi þarf að útvega ýmis vottorð og gögn sem þurfa að fylgja með umsókninni. Það fer eftir tilgangi dvalar og tegundum leyfa hvaða fylgigagna er óskað. Upplýsingar um hvaða fylgigögn þurfa að fylgja í hverju tilviki eru á vefsíðu Útlendingastofnunar ([www.utl.is](http://www.utl.is)).

---

Ef ástæða þykir til áskilur Útlendingastofnun sér rétt til að óska eftir staðfestingu á lögmati erlendra vottorða. Um er að ræða annað hvort „apostille“-vottun frá heimaríki umsækjanda eða tvöfalda staðfestingu frá utanríkisráðuneyti í heimaríki og sendiráði viðkomandi ríkis á Íslandi eða næsta sendiráði (hafi viðkomandi ríki ekki sendiráð á Íslandi).



Para más información acerca de los requisitos en cuanto a los medios de subsistencia mínimos hay que visitar la página de la Oficina de Inmigración ([www.utl.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=77&Itemid=79&lang=is](http://www.utl.is/index.php?option=com_content&view=article&id=77&Itemid=79&lang=is)).

---

Los subsidios para desempleados o cualquier otro tipo de ayuda económica de parte del gobierno o municipio no se consideran medios de subsistencia válidos.

---

## Contar con un lugar dónde vivir

Para demostrar que se cuenta con un lugar dónde vivir, hay que demostrar que se planea habitar en una vivienda registrada como casa-habitación en el registro de bienes raíces, junto con la aceptación por escrito del dueño de tal vivienda. El dueño registrado de la vivienda debe escribir y firmar un formulario que confirme esto. ([www.utl.is/media/stofnunin/eydublod/Yfirlýsing\\_huseiganda.pdf](http://www.utl.is/media/stofnunin/eydublod/Yfirlýsing_huseiganda.pdf))

## Contar con seguro médico

El solicitante necesita adquirir un seguro médico llamado en islandés sjúkrakostnaðartrygging lo cual significa “seguro de gastos médicos” en alguna compañía de seguros que tenga permiso en Islandia. Tal seguro debe tener una validez de por lo menos seis meses desde el momento en que se registra el domicilio legal en Islandia hasta que la persona haya adquirido derecho a recibir seguro médico de parte del gobierno islandés. Para más información hay que visitar las páginas de las distintas compañías de seguro: ([www.vordur.is](http://www.vordur.is), [www.tm.is](http://www.tm.is), [www.vis.is](http://www.vis.is), [www.sjova.is](http://www.sjova.is)).

Los niños y jóvenes menores de 18 años que viven en Islandia, están automáticamente asegurados por medio de sus padres o tutores. Lo mismo aplica para hijos adoptados e hijastros.

Aquellos que no cuenten con seguro médico tienen que pagar el monto total de los servicios de salud recibidos. Para más información acerca de los seguros médicos, visite la página de la Oficina de Seguros del Estado ([www.tr.is](http://www.tr.is)) o la página de Seguros Médicos de Islandia (Sjúkratryggingar Íslands) ([www.sjukra.is](http://www.sjukra.is)).

## Documentos y certificados requeridos

La Oficina de Inmigración y muchas otras instituciones islandesas no aceptan documentos extranjeros que no estén traducidos por un traductor jurado (legal) al idioma inglés, islandés o algún idioma nórdico (danés, noruego, sueco y finés).

Para encontrar traductores jurados (legales) hay que visitar la página de Internet de la Sociedad de Traductores Jurados ([www.flds.is](http://www.flds.is)).

---

Antes de solicitar el permiso de residencia en Islandia, hay que conseguir varios documentos y certificados que deben acompañar la solicitud. Los documentos requeridos dependen del motivo de venida a Islandia y que tipo de permiso se va a pedir. Para encontrar que documentos exactamente se necesitan para cada caso, hay que visitar la página de la Oficina de Inmigración ([www.utl.is](http://www.utl.is))

---

La Oficina de Inmigración tiene el derecho de pedirles a las personas una confirmación de que los documentos traídos de otro país son válidos y legales. Se trata de un certificado llamado „apostille” el cual se obtiene en el país de origen del solicitante o puede ser también una confirmación doble de parte del Ministerio de Relaciones Exteriores del país de la persona y de la embajada del país pertinente en Islandia (si no hay embajada en Islandia, hay que acudir a la más cercana)



Nánari upplýsingar um apostille-vottun er að finna á vefsíðu HCCH ([www.hcch.net/index\\_en.php?act=text.display&tid=37](http://www.hcch.net/index_en.php?act=text.display&tid=37)).

Þau gögn (ef við á) sem nauðsynlegt er að skila í frumriti eru:

- Sakavottorð.
- Hjúskaparvottorð.
- Fæðingarvottorð.
- Forsjárgögn, skilnaðar- eða dánargögn.
- Staðfesting á sambúð eða samvist.

---

Mikilvægt er að gildistími vegabréfs sé að minnsta kosti þrjú mánuðir fram yfir áætlaðan dvalartíma.

---

/ 18 /

## Kennitala

Kennitalan er tíu stafa tala sem er eins konar lykill að íslensku samfélagi.

Umsókn um kennitölu og beiðni um skráningu lögheimilis er hluti af umsókn um dvalarleyfi. Útlendingastofnun sér um að sækja um kennitölu fyrir einstaklinga sem þurfa dvalarleyfi eða dvalarleyfisskírteini á Íslandi.

## EFTIR KOMU TIL LANDSINS

### Læknisrannsókn

Í mörgum tilvikum þarf umsækjandi að undirgangast læknisrannsókn og skila læknisvottorði til Útlendingastofnunar. Þeir sem leggja fram erlent læknisvottorð yngra en þriggja mánaða, sem metið er fullnægjandi að mati læknis á Íslandi, þurfa ekki að fara í læknisskoðun hér á landi.

Íbúar frá EES-ríkjum (annarra en Rúmeníu og Búlgaríu), Sviss, Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi þurfa hvorki að framvísa læknisvottorði né undirgangast læknisrannsókn. Nánari upplýsingar eru á vef Fjölmenningsseturs ([www.mcc.is/heilsa/laeknisskodun](http://www.mcc.is/heilsa/laeknisskodun)).

### Myndataka

Útlendingur þarf að mæta í myndatöku sem fer fram hjá Útlendingastofnun eða næsta sýslumannsembætti. Sýna þarf vegabréf. Myndataka á að fara fram um leið og útlendingur er kominn og eigi síðar en þegar læknisrannsókn hefur farið fram.

### Dvalarleyfiskort

Dvalarleyfiskort er gefið út um leið og læknisvottorð hefur borist Útlendingastofnun og myndataka hefur farið fram. Dvalarleyfiskortið er staðfesting á lögmætri dvöl réttthafa þess. Upphaf dvalar miðast við útgáfudag kortsins.

Para más información acerca del apostillado visite ([www.hcch.net/index\\_en.php?act=text.display&tid=37](http://www.hcch.net/index_en.php?act=text.display&tid=37)).

Aquellos documentos que deben presentarse en original (en dado caso) son:

- Certificado de no antecedentes penales
- Certificado de estado civil
- Acta de Nacimiento
- Certificados de custodia infantil, divorcio o defunción
- Confirmación de concubinato o unión libre

---

Es importante que la validez del pasaporte sea de por lo menos tres meses más larga que el tiempo que se solicita para quedarse en Islandia.

---

/ 19 /

## Número de identificación social - “Kennitala”

La kennitala es un número de diez dígitos que es considerada la llave a la sociedad islandesa.

Al solicitar el permiso de residencia, la Oficina de Inmigración se encarga automáticamente de solicitar la kennitala para el extranjero y también se encarga de que el domicilio legal de tal quede registrado.

## DESPUÉS DE HABER LLEGADO A ISLANDIA

### Revisión médica

En muchas ocasiones, el solicitante debe ser sujeto a revisión médica dónde se revisa su estado de salud para obtener un certificado médico el cual se tiene que entregar a la Oficina de Inmigración. Las personas que traigan un certificado médico de su país de origen que no sea de más de tres meses de antigüedad y que el Consejo de Administración de Salud considere satisfactorio, no necesitan acudir a revisión médica aquí.

Los ciudadanos de los países miembros del EEE (exceptuando Rumania y Bulgaria), Suiza, Estados Unidos, Canadá, Australia y Nueva Zelanda no necesitan presentar ningún certificado médico ni ser sujetos de revisión médica en Islandia.

Para más información, visite la página web del Centro Multicultural ([www.mcc.is/heilsa/laeknisskodun](http://www.mcc.is/heilsa/laeknisskodun)).

### Fotografía

La persona extranjera debe de presentarse a la Oficina de Inmigración o a la oficina de algún Magistrado de Distrito (sýslumaður) en cuanto llegue al país después de haber ido a revisión médica para que le tomen una fotografía. Hay que presentar el pasaporte.

### Tarjeta de permiso de residencia

La tarjeta de permiso de residencia llamada en islandés dvalarleyfiskort se otorga una vez que la Oficina de Inmigración recibe el certificado de revisión médica y una vez que ya se haya asistido a tomarse la fotografía. Esta tarjeta es una confirmación física de la estancia legal en el país de la persona que la posee. El permiso comienza desde la fecha de expedición de la tarjeta.

## Dvalarskírteini

Ríkisborgari utan EES- eða EFTA-ríkis sem er aðstandandi EES- eða EFTA-ríkisborgara sækir um dvalarskírteini hjá Útlendingastofnun. Við umsókn þarf hann meðal annars að leggja fram vegabréf, staðfestingu á fjölskyldutengslum, fara í myndatöku hjá Útlendingastofnun og gæti auk þess þurft að fara í læknisrannsókn ([www.mcc.is/heilsa/laeknisskodun](http://www.mcc.is/heilsa/laeknisskodun)).

Þegar aðstandandi ríkisborgara EES- eða EFTA-ríkis uppfyllir öll nauðsynleg skilyrði er gefið út dvalarskírteini sem sent er á dvalarstað umsækjanda, og verður það heimilisfang um leið lögheimili hans. Upphaf dvalar miðast við útgáfudag skírteinisins.

## Flutningur lögheimilis innanlands

Ef flytja þarf lögheimili milli staða á Íslandi þarf að fylla út eyðublaðið „*Flutningstilkynning innanlands*“. Eyðublaðið er hægt að nálgast á vefsíðu Þjóðskrár Íslands ([www.skra.is/pages/1031](http://www.skra.is/pages/1031)) eða á skrifstofum sveitarfélaga ([www.samband.is/sveitarfelogin/](http://www.samband.is/sveitarfelogin/)).

Mögulegt er að fylla eyðublaðið út á Netinu og senda það rafrænt eða prenta það út, skrifa undir og skila beint til Þjóðskrár Íslands (í pósti eða á faxi) eða á skrifstofur sveitarfélaga.

## Skráning úr landi

Útlendingur sem tekur aftur upp fasta búsetu erlendis þarf að skrá sig úr landi með því að fylla út flutningstilkynningu hjá Þjóðskrár Íslands. Eyðublaðið er hægt að nálgast á vefsíðu Þjóðskrár Íslands ([www.skra.is/pages/1031](http://www.skra.is/pages/1031)) eða á skrifstofum sveitarfélaga.

Mögulegt er að fylla eyðublaðið út á Netinu og senda það rafrænt eða prenta það út, skrifa undir og skila beint til Þjóðskrár Íslands (í pósti eða á faxi) eða á skrifstofur sveitarfélaga.

## Endurkoma – útrunnið leyfi

Útlendingur sem hyggst taka aftur upp fasta búsetu á Íslandi þarf að fullnægja sömu kröfum og þegar hann kom í fyrsta skipti til landsins.

---

### Mikilvæg atriði um kennitölu og lögheimili:

---

- Útlendingastofnun sér um að afla kennitölu fyrir umsækjanda dvalarleyfis.
- Ef útlendingur þarf kennitölu í öðrum tilgangi en vegna öflunar dvalarleyfis þarf stofnun/fyrirtæki að sækja um kennitölu fyrir hann.
- Útlendingur getur ekki sótt um kennitölu fyrir sjálfan sig.
- Þegar dvalarleyfiskort/dvalarskírteini hefur verið gefið út er útlendingur skráður með lögheimili í þjóðskrá.
- Útlendingur nýtur engra dvalarleyfistengdra réttinda á Íslandi fyrr en hann hefur fengið útgefið dvalarleyfiskort/dvalarskírteini.

## Tarjeta de permiso de residencia para dependientes de ciudadanos de EEE y AELC

Los ciudadanos de los países fuera del EEE y AELC que sean parientes dependientes de un ciudadano del EEE o AELC necesitan solicitar su tarjeta de permiso de residencia en la Oficina de Inmigración. Al hacer la solicitud también hay que presentar el pasaporte y un certificado que confirme el lazo familiar, luego tomarse la fotografía en la Oficina de Inmigración y podría ser requerido también de asistir a revisión médica ([www.mcc.is/heilsa/laeknisskodun](http://www.mcc.is/heilsa/laeknisskodun)).

Cuando se han satisfecho todos los requisitos necesarios se expide entonces la tarjeta de permiso de residencia la cual se manda por correo al domicilio del solicitante. Tal domicilio será su domicilio legal también. El inicio de la residencia empieza el mismo día que se expide la tarjeta.

## Cambio del domicilio legal dentro del país

Si es necesario cambiar de domicilio legal en Islandia, hay que llenar el formulario llamado „Flutningstilkynning innanlands“ o en español “Notificación de mudanza dentro del país” ([www.skra.is/pages/1031](http://www.skra.is/pages/1031)) o en las oficinas municipales ([www.samband.is/sveitarfelogin/](http://www.samband.is/sveitarfelogin/)).

Es posible llenar el formulario en Internet pero es necesario imprimirlo y firmarlo y llevarlo al Registro Nacional en persona o por correo o fax. También se puede llevar a las oficinas municipales.

## Darse de baja en el registro

Los extranjeros que se van a residir a otro país necesitan darse de baja del registro islandés llenando la Notificación de Mudanza en el Registro Nacional. Este formulario se obtiene en las distintas oficinas municipales o en la página del Registro Nacional ([www.skra.is/pages/1031](http://www.skra.is/pages/1031)).

Es posible llenar el formulario a través del Internet pero hay que recordar que necesitamos imprimirla, firmarla y mandarla al Registro Nacional (por correo o fax) o a las distintas oficinas municipales.

## Regresar a Islandia – Permiso vencido

Un extranjero que regresa a vivir a Islandia necesita satisfacer los mismos requisitos de la primera vez que vino a Islandia.

---

### Detalles importantes de la kennitala y el domicilio legal:

---

- Es la Oficina de Inmigración quien se encarga de conseguirle una kennitala al extranjero que solicita un permiso de residencia.
- Si un extranjero necesita una kennitala con otro propósito que no sea pedir un permiso de residencia, entonces es alguna institución o empresa la que debe conseguir la kennitala para él.
- Un extranjero no puede solicitar una kennitala por sí mismo.
- Cuando se le otorga la tarjeta de residencia a una persona, queda también registrado su domicilio legal en el Registro Nacional.
- Un extranjero no goza de ningún derecho como residente en Islandia hasta que no se le haya otorgado la tarjeta de residencia.



## VINNA Á ÍSLANDI

Launþegar á Íslandi njóta sömu réttinda varðandi laun og önnur starfskjör sem samtök aðila vinnumarkaðarins semja um.

Á Íslandi er óheimilt að semja um lakari kjör en almennir kjarasamningar segja til um.

Hjá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) er hægt að fá bækling um réttindi og skyldur á vinnumarkaði ([www.asi.is](http://www.asi.is)).

### Atvinnuleyfi

Þeir sem flytja til landsins vegna atvinnu þurfa að hafa atvinnuleyfi á Íslandi. Fyrsta leyfi er ávallt tímabundið og er veitt útlendingi en er bundið tilteknum atvinnurekanda. Atvinnuleyfi verður að hafa verið veitt áður en umsækjandi hefur störf.

Undanþegnir atvinnuleyfi eru makar og börn (yngri en 18 ára) íslenskra ríkisborgara og makar og börn ríkisborgara sem eiga aðild að EES-samningnum, að undanskildum ríkisborgurum Rúmeníu og Búlgaríu.

Vinnuálastofnun gefur út atvinnuleyfi en umsókn er send til Útlendingastofnunar með umsókn um dvalarleyfi.

Nánari upplýsingar um atvinnuleyfi eru á vefsíðu Vinnuálastofnunar ([www.vinnuastofnun.is](http://www.vinnuastofnun.is)) og Fjölmenningsseturs ([www.mcc.is](http://www.mcc.is)).

### Ráðningarsamningur

Allir sem vinna á Íslandi eiga að hafa skriflegan ráðningarsamning. Í ráðningarsamningi á að koma fram nafn starfsmanns, upplýsingar um atvinnurekanda, upplýsingar um hvar starfið er unnið, laun, ráðningartíma, uppsagnarákvæði og aðild að lífeyrissjóði og stéttarfélagi.

Nánari upplýsingar eru að finna á vefsíðu Alþýðusambands Íslands (ASÍ) ([www.asi.is](http://www.asi.is)), Vinnuálastofnunar ([www.vinnuastofnun.is](http://www.vinnuastofnun.is)) og vefsíðum einstakra stéttarféлага.

### Mikilvægt að athuga

- Að laun séu samkvæmt kjarasamningi.
- Að vinnutími sé ekki lengri en lög og kjarasamningar leyfa.
- Að orlof sé í samræmi við lög og kjarasamninga.
- Að laun séu greidd vegna veikinda eða slysa.
- Að launaseðill fylgi þegar laun eru greidd.
- Að atvinnurekandi borgi skatt af launum.
- Að atvinnurekandi greiði gjöld til lífeyrissjóðs og stéttarfélags.

---

# TRABAJO EN ISLANDIA

---

Los asalariados en Islandia gozan de los mismos derechos de sueldo y otras prestaciones laborales, los cuales son acordados por las asociaciones encargadas del mercado laboral.

En Islandia es ilegal acordar un sueldo o prestaciones laborales menores a lo que indican los acuerdos vigentes de tarifas salariales y prestaciones.

En la página de la Confederación Laboral Islandesa - Alþýðusamband Íslands (ASÍ) se puede obtener un folleto acerca de los derechos y obligaciones en el mercado ([www.asi.is](http://www.asi.is)).

## Permiso de trabajo

Aquellos que se mudan al país para trabajar, necesitan obtener un permiso de trabajo. El permiso de trabajo es un permiso temporal en el cual se le otorga el derecho a un extranjero a poder trabajar únicamente para un determinado empleador. El permiso de trabajo debe ser obtenido antes de que se comience a trabajar.

Las personas que son cónyuges o hijos menores de 18 años de edad de ciudadanos islandeses o de ciudadanos de cualquier país del EEE (excepto Rumania y Bulgaria), están exentas de tener que obtener un permiso de trabajo.

El Secretaría de Trabajo se encarga de expedir los permisos de trabajo pero la solicitud se manda a la Oficina de Inmigración junto con la solicitud de permiso de residencia.

Para más información visite la página del Secretaría de Trabajo ([www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)) y del Centro Multicultural ([www.mcc.is](http://www.mcc.is)).

## Contrato de trabajo

Todos los que trabajan en Islandia tienen derecho a tener un contrato de trabajo por escrito. En el contrato de trabajo debe incluirse entre otras cosas, el nombre, información acerca del empleador, información acerca del lugar de trabajo, el salario, la duración del contrato, condiciones para el despido o renuncia y la afiliación a un fondo de pensiones y a un sindicato.

Más información se encuentra en la página de la Confederación Laboral Islandesa Alþýðusamband Íslands (ASÍ) ([www.asi.is](http://www.asi.is)), el Secretaría de Trabajo ([www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)) y en las páginas web de los sindicatos.

## Importante tener en cuenta

- Que el salario esté de acuerdo con los acuerdos vigentes de tarifa salarial y prestaciones.
- Que la jornada de trabajo no sea más larga que lo que la ley y los acuerdos vigentes de tarifa salarial y prestaciones permiten.
- Que las vacaciones correspondan a lo que señala la ley y los acuerdos vigentes de salario y prestaciones.
- Que se pague sueldo incluso en caso de enfermedad o accidente.
- Que al recibir el salario este se acompañe siempre con la debida nómina de pago.
- Que el empleador pague los impuestos que se han deducido del salario de uno.
- Que el empleador pague las cuotas del fondo de pensión y al sindicato de uno.

## Launaseðlar

Launaseðill er skrifleg staðfesting á fjárhæð launa og gjöldum sem atvinnurekandi hefur dregið af launum, svo sem skatt- og lífeyrissjóðsgreiðslur.

## Bankareikningur

Flestir atvinnurekendur borga laun beint inn á bankareikning. Bankar gera mismunandi kröfur til þeirra sem sækja um að stofna bankareikning. Allir bankar gera þó kröfu um að umsækjandi sé með kennitölu og skilríki með mynd.

## Lögbundnir frídagar

Samkvæmt flestum kjarasamningum eiga þeir sem eru á föstum launum að fá greidd laun fyrir lögbundna frídaga sem lenda á vinnudegi, líkt og um hefðbundinn vinnudag sé að ræða, þótt ekki sé unnið á þeim degi. Ekki er greitt fyrir fasta yfirvinnu á þessum dögum. Ef unnið er á frídegi er greitt sérstaklega fyrir það.

## Lífeyrissjóður

Allt launafólk á að borga í lífeyrissjóð. Það fær greitt úr lífeyrissjóði þegar það lýkur störfum vegna aldurs eða örorku. Atvinnurekanda ber að halda eftir ákveðnum hluta launa starfsmanns sem nefnist iðgjald, en það er sá hluti sem greiddur er til lífeyrissjóðs, ásamt mótframlagi frá atvinnurekandanum sjálfum.

## Vandamál á vinnustað

Ef upp koma vandamál í samskiptum á vinnustað er hægt að leita eftir upplýsingum og aðstoð hjá trúnaðarmönnum á vinnustað, stéttarfélagi eða Fjölmeningarsetri.

Stærstu stéttarfélögin eru Efling-stéttarfélag ([www.efling.is](http://www.efling.is)), VR ([www.vr.is](http://www.vr.is)) og heildarsamtök stéttarféлага eins og Bandalag háskólamanna (BHM) ([www.bhm.is](http://www.bhm.is)) og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) ([www.bsrb.is](http://www.bsrb.is)).

## Vinnuvernd

Vinnueftirlit ríkisins er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu. Hlutverk Vinnueftirlitsins er að tryggja að gætt sé að öryggi starfsmanna, hafa eftirlit með vinnuaðstöðu þeirra og að ráðstafanir séu fyrir hendi til að koma í veg fyrir slys á vinnustað. Upplýsingar um Vinnueftirlitið ásamt upplýsingaefni um öryggi á vinnustað eru á vef Vinnueftirlitsins ([www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)).

## Mat á námi

